



# Jóhannes Þór Skúlason

- ⇒ Stóraukið beint lýðræði
- ⇒ Málskotsréttinn í hendur þjóðarinnar
- ⇒ Mannréttindi í forgrunn
- ⇒ Fullt jafnrétti allra þegna
- ⇒ Jafnt vægi atkvæða
- ⇒ Skýra þrískiptingu valds
- ⇒ Auðlindir í þjóðareigu
- ⇒ Aðskilnað ríkis og kirkju

## # 8419

### Menntun, starf og reynsla?

Ég er með BA gráðu í sagnfræði og hef verið grunnskólakennari við Seljaskóla í Reykjavík frá árinu 2000. Hef starfað í InDefence hópnum frá því í október 2008 og verið talsmaður hópsins innanlands og utan við að vekja athygli á málstað Íslendinga og berjast gegn ósanngjörnum Icesave samningum.

### Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Þjóðfundur og stjórnlagabing er gullið tækifæri fyrir íslensku þjóðina til að sameinast um nýjan samfélagssáttmála sem við viljum að móti líf okkar og samfélag til framtíðar. Ég vil leggja mitt af mörkum fyrir börnin mín. Ég vil að samfélagið sem þau munu erfa byggja á lýðræði, mannréttindum, frelsi og fullu jafnrétti allra sem þar búa. Og það verður best tryggt með sterkri og vandaðri stjórnarskrá sem almenn sátt ríkir um til framtíðar.

### Mitt hjartans mál? Beint lýðræði - rödd þjóðarinnar.

Ég trúir á lýðræðið, rétt fólksins í landinu til að taka sjálft ákvarðanir um líf sitt, og vil að það sé grunngildi nýrrar stjórnarskrár. Ég vil berjast fyrir stórauknu beinu lýðræði, m.a. á þann hátt að hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök málefni og lög, t.d. með söfnun tiltekins fjölda undirskrifta á tilteknum tíma.

Í baráttu minni með InDefence hópnum söfnuðum við undirskriftum fjórðungs kosningabærra Íslendinga gegn síðari Icesave lögunum. Samt var þjóðin upp á geðþótta eins manns komin um það hvort þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram. Þannig á ekki að skipa málum í lýðræðisríki. Þjóðin á sjálf að hafa eftirlit með löggjafarvaldinu. Þannig verður til samtal milli löggjafans og þjóðarinnar sem styrkir, bætir og sættir samfélagið.